

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) á Íslandi. Hún lætur starfrækja í Reykjavík hljóðvarps- og sjónvarpsstöð og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu. Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni Ríkisútvarpið og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

1. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða til Ríkisútvarpsins árlegt afnotagjald. Eigandi sjónvarpsviðtækis skal jafnframt talinn eigandi hljóðvarpsviðtækis, ef viðtæki hans má nota til hljóðvarpsmóttöku. Innheimta skal sérstakt hljóðvarpsgjald og sérstakt sjónvarpsgjald.

3. gr.

5. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps (hljóðvarps og sjónvarps), gjaldskyldu útvarpsnotenda, innheimtu afnotagjalds og greiðslur fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að sérstakt gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Heimilt er að ákveða í reglugerð um innsigluð tækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti eða gjaldhækkun vegna greiðsludráttar.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi afnot viðtækja, svo og reglur um sölu, afhendingu og leigu viðtækja. Enn fremur að kveða á um tilkynningarskyldu og notkun nafnskirteina í þessu sambandi.

4. gr.

Við lögina bætist ný grein, er verði 17. gr. og orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 25 milljónum króna, eða samsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, og endurlána þau Ríkisútvarpinu til að koma upp aðalendurvarpsstöðvum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi D. Gíslason.

L Ö G**um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

2. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélag Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir án tilnefningar. Formaður sjóðsstjórnarinnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist með öðrum kostnaði úr sjóðnum.

3. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr sjóðnum. Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju eftir 1966, má eigi verja meiru en $\frac{1}{3}$ hluta til styrkveitinga.